

brauð. Hinn ákærði, Þorsteinn Marías Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1894:

Rjettvísín
gegn
Ólafi Ólafssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í hjerði gegn hinum ákærða húsmanni á Ísafirði, Ólafi Ólafssyni, fyrir rangan vitnaframburð og meinsæri, og var það dæmt í aukarjetti Ísafjardarkaupstaðar 3. jan. þ. á. þannig, að ákærði samkvæmt analogíu 149. gr. almennra hegningarlaga skyldi sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, svo og greiða allan kostnað rannsóknarinnar og sakarinnar gegn honum, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns kandidats Þorvaldssonar 6 krónur. En dómi þessum hefur samkvæmt ósk hins dómfella verið skotið til yfirdómsins.

Í lok rjettarprófanna lýsti ákærði því yfir, að gefnu tilefni frá prófdómarans hálfu, að hann óskaði að sjer yrði skipaður talsmaður í málinu, og kaus til þess sýslumann Skúla Thoroddsen. Dómarinn fór þó eigi að ósk ákærða í þessu efni, heldur skipaði honum talsmann, ofan nefndan Jón kandidat Þorvaldsson, sem er náskyldur (systurson) aðal-mótvitnis ákærða, Gríms Jóns-

sonar, og þegar Skúli Thoroddsen mætti við fyrirtekt málsins með skriflegt umboð frá ákærða, vildi dómarrinn eigi leyfa honum að mæta fyrir ákærða, eða taka við umboðsskjali hans til framlagningar í rjettinum. Sem ástæður fyrir því að dómarrinn gjörði Skúla Thoroddsen rækan sem svaramann ákærða, hefur hann tilfært, að Skúli þrátt fyrir loford upp á æru og trú um að fara ekki án leyfis rannsóknardómarans burt af Ísafirði í fyrra vor, meðan opinber rannsókn gegn honum fyrir embættisbrot stóð yfir, fór snöggva ferð til Reykjavíkur, án þess að leita áður leyfis til þess, að Skúli hafði með aukarjettardómi Ísafjardarkaupstaðar 10. júlí f. á., sem þá stóð enn óhaggaður, verið dæmdur til að missa embætti sitt sem sýslumaður og bæjarfógeti í Ísafjardarsýslu og kaupstað, og loks, að óheppilegt þætti að Skúli sem talsmaður ákærða fengi kost á að kynna sjer próf yfir Þorsteini nokkrum Stefánssyni, sem fram lögð voru í málinu, þar sem rannsókninni gegn Þorsteini væri eigi lokið enn og nokkur ástæða til að ætla, að Skúli væri eitthvað viðriðinn sök Þorsteins. Um fyrstu ástæðuna er það að segja, að hún er með öllu þýðingarlaus í þessu sambandi, og sömuleiðis gjörði það eigi, samkvæmt þar um gildandi lagaákvæðum, Skúla óhæfan til að vera talsmann ákærða, þótt hann væri dæmdur frá embætti, og hvað þriðju ástæðuna snertir, þá var búið á þeim tíma, er hjer ræðir um, að leggja umgetnar prófs-gjörðir fram í yfirrjettinum sem sönnunargagn gegn Skúla í sakamálinu gegn honum, og því þegar af þeirri ástæðu óviðeigandi og enda óheimilt að halda þeim leyndum fyrir honum. Með því nú aptur á móti Skúli Thoroddsen sem löglærður maður verður að álitast hafa haft yfirburði yfir hinn setta talsmann, sem eigi er löglærð-

ur, til að flytja vörn fyrir ákærða, auk þess sem honum hlaut að vera málið sjerstaklega kunnugt, þar sem framburður ákærða, er málið er risið af, er gefinn í sakamálsrannsókn gegn honum sjálfum, þá verður að álíta, að aðferð dómarans í þessu efni hafi eigi að eins verið ólögleg, heldur einnig ef til vill skaðleg að því vörn af hendi ákærða snertir.

Þá er þess í öðru lagi að geta, að eptir að málið var tekið undir dóm í undirrjettinum, tók undirdómarinn það fyrir af nýju og lagði fram nokkur ný skjöl í því, án þess að boða ákærða eða talsmanni hans þessa nýju fyrirtekt málsins nema með 2 klukkustunda fyrirvara, enda mætti hvorugur þeirra eptir því fyrirkalli. og var málið þó tekið til dóms; en með þessari aðferð hefur ákærða eigi gefizt löglegt færi á, að gæta rjettar síns, að því er hin nýframlögðu skjöl áhrærir, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 29. gr.

Samkvæmt framanrituðu verða þeir gallar að álítast vera á meðferð máls þessa í hjerði, að nauðsynlegt þykir að ómerkja undirrjettardóminn og vísa málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og virðist rjett að undirdómarinn greiði kostnaðinn af áfrýjun málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á ómerkur að vera, og vísast málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar. Undirdóm-

arinn, settur sýslumaður og bæjarfógeti Lárus Bjarnason, greiði allan af áfrýjun þessari leiðandi kostnað, það með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, og greiðist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 51/1893:

Rjettvísín
 gegn
 Þorvaldi Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Skagafjarðarsýslu 25. júlí f. á. var hinn ákærði vinnumaður Þorvaldur Jónsson frá Bæ í Hofshreppi dæmdur samkvæmt 231. gr. 1. almennra hegningarlaga til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með taldar 10 kr. til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, prestsins Hallgríms Thorlacíus á Ríp, en dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann, er hann var á ferð frá heimili sínu Bæ haustið 1892 fram í sveit og á Saudárkrók, hafi tekið hvítt gimbrarlamb, er varð fyrir honum milli bæjanna Lóns og Lækjar í Viðvíkurhreppi og afhent það í sömu ferðinni öðrum manni upp í skuld. Kveðst hann hafa haldið, að hann ætti lambið, án þess að aðgæta mark á því, af því að það fylgdi